

# STAÐFESTING Á NOTHÆFI BYGGINGARVÖRU

Glófaxi ehf, Kt. 6611982659.  
Tengiliður: Páll Árni Jónsson

Númer: 202001-0341 /201801-0436

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur nr. 114/2014 staðfestir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eftirfarandi nothæfi byggingarvörunnar:

## EI60 brunahólfandi hurðir

Viðbragð við bruna/brunamótstaða:  
EI260 / EI260-S<sub>m</sub> / EI260-CS<sub>m</sub>

**Gildistími: 31.10.2021 eða þar til krafa um CE-merkingu tekur gildi.**

Tæknilýsing: Um er að ræða hliðarhengdar brunahólfandi EI60 stálhurðir og -karma, sem framleiddar eru af Glófaxa ehf. skv. framleiðslu-, uppsetningar- og frágangslýsingu framleiðanda, dags. 12.12.2018, ásamt tilheyrandi hurðarteikningum.

Fyrir liggur Yfirlýsing um nothæfi, dags. 24.01.2019, útgefin og undirrituð af forsvarsmönnum Glófaxa ehf., varðandi framan- greinda brunaflokkun hurðanna og byggist hún m.a. á eldri viðurkenningu BR/MVS nr. 2009110054 vegna umræddra hurða.


- Uppbygging hurða og karma skal vera í samræmi við það sem lýst er í framangreindum gögnum, þ.m.t. allir þéttiborðar og fastir þröskuldar eða viðurkenndir fellipröskuldar eftir því sem við á.
- Stálhandfang, stállæsing/-skrá og a.m.k. þrjár stállamir skulu vera á hverri hurð, en fleiri ef hurð er hærra en 2500 mm.
- Allir íhlutir skulu vera CE vottaðir/merktir eftir því sem við á.
- Hurðir geta verið einfaldar eða tvískiptar. Stærð hurðarfleka b<sub>x</sub>h skal ekki vera meiri en 1380x2800 mm.
- Þykkt hurðarfleka er a.m.k. 52,5 mm og er hann með stál-þverstyrkingum og fylltur með 50 mm steinullarplötum.
- Hurðarkarmurinn skal festur í vegg með a.m.k. fjórum stálskrúfum í báðum lóðréttum hlutum karmsins og fyrir tvískiptar hurðir eru einnig festingar að ofan fyrir miðri hvorri hurð.
- Ísetning hurða, festingar og þétting inn í karm og milli karms og veggja, skal gerð í samræmi við leiðbeiningar (uppsetningar- og frágangslýsingu) framleiðanda og leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
- Til að hurðin flokkist sem EI260-S<sub>m</sub> skal hurðin vera útbúin viðurkenndum reykþéttilistum og þanlistum.
- Til að hurðin flokkist sem EI260-CS<sub>m</sub> skal auk þess sett á hurðina CE vottaður hurðalokari/pumpa.
- Hver einstök hurð skal greinilega merkt í bakkanti hurðar við efstu lóm með nafni og heimilisfangi framleiðanda, með brunaeiginleikum/brunamótstöðu viðkomandi hurðar, og með nafni staðfestingaraðila og númeri staðfestingar á nothæfi. Miðinn skal þannig gerður að hann verði ekki fjarlægður af hurðinni.

Prófun: Framangreind byggingarvara er framleidd undir skjalfestri og stöðugri innri framleiðslustýringu, sbr. 11. gr. laga um byggingarvörur, og samkvæmt vottuðu gæðakerfi Glófaxa ehf.

Staðlar: Staðfesting þessi byggir á ákvæðum eftirfarandi staðla: : ÍST EN 13501-2, ÍST EN 16034 og ÍST EN 1634.

Staðfesting þessi er gefin út á grundvelli 1. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur. Staðfestingin fellur úr gildi ef gerð er krafa um CE-merkingu vörunnar samkvæmt ákvæðum laga um byggingarvörur á gildistíma staðfestingarinnar. Tæknilýsing, skilyrði og skilmálar.

Reykjavík, föstudagur, 31. janúar 2020  
F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Davíð S. Snorrason  
forstöðumaður brunamála